

**Ráðherra, alþingismenn,  
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!**

Smábátæigendur jafnt og aðrir í þjóðfélagi voru ganga nú í gegnum mikla óvissutíma. Stórsókn er hafin af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í baráttu fyrir hækkun lágmarkslauna. Krafan er krónutöluhækkun upp á 42%, úr 300 þúsund krónum í 425 þúsund. Sjómenn reyna að koma sér upp úr skotgröfum sundrunar og sameina krafta sína í einu félagi. Á sama tíma hefur kvarnast úr félaginu okkar Landssambandi smábátæigenda vegna ágreinings um málefni sem hægt væri að leysa á einni kvöldstund og sum þeirra ekki lengur til staðar. Ekkert er skeytt um heildarhagsmuni eins og leiðréttingu veiðigjalda, gagnrýninni umræðu á veiðiráðgjöf, kjarasamninga, réttindamál, markaðsmál, svo eitthvað sé nefnt. Við njótum þessa jafnt og félagsmenn í LS ef árangur næst. Með sundrunu gefst mótherjum okkar færi á að veikja baráttu smábátæigenda fyrir auknu jafnræði í gjaldtöku og nýtingu auðlindarinnar.

Eftir að tekist hafði að festa strandveiðar í sessi róa andstæðingar á önnur mið. Reynt er að gera veiðarnar tor tryggilegar með því að telja mönnum trú um að nauðsynlegt sé að loka veiðisvæðum fyrir handfæraveiðum á grunnslóðinni á sama tíma og opnað er fyrir

togveiðar inn á hefðbundin veiðisvæði smábáta og gerð tillaga um að svæði sem friðað hefur verið í áratugi fyrir togveiðum verði minnkað.

Allt í nafni vísindaráðgjafar Hafrannsóknastofnunar sem segir stærðarmörk veiðiskipa til nýtingar á miðunum óþarfa, það skipti ekki máli hvernig fiskurinn er veiddur. Ekki furða að smábátæigendur

spyrji; hvað er eiginlega að gerast? Er ef til vill hafin rýmingaráætlun fyrir tug togveiðiskipa styttri en 29 metrar til veiða á grunnslóðinni?

Hvað er til ráða?

Ég hef margsinnis velt því fyrir mér hvort komin sé upp sú staða að smábátæigendur leiti beint eftir stuðningi frá almenningi til aðstoðar við að verja sín hefðbundnu fiskimið. Rétt að halda öllum leiðum opnum til að verjast taumlausri græðgi stórútgerðarinnar sem í krafti fjármagns og valda getur jafnvel komið í veg fyrir vilja stjórnvalda og stjórnarandstöðu að leiðrétta veiðigjöld á litlar og meðalstórar útgerðir. Það var engin tilviljun að leiðréttingarfrumvarpið um veiðigjöld var komst ekki á dagskrá. Orgað var afsláttur til allra útgerðarfyrirtækja landsins, allt eða ekkert og þar með komið í veg fyrir leiðréttingu til lítilla og meðalstórra útgerða.

Með frumvarpi sem ráðherra hefur nú lagt fram er áfram tekið undir þessi sjónarmið. Bókun meirihluta atvinnuveganefndar við breytingu á lögum um veiðigjöld er að öllu leiti hunsuð. Bókunin var gerð 8. júní sl. er svohljóðandi:

„Mikilvægt er að við undirbúning nýs frumvarps sjávarútvegsráðherra um veiðigjald verði horft til afkomu greinarinnar og sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem mörg hver hafa átt í erfiðleikum með að takast á við versnandi rekstrarskilyrði. Meiri hlutinn telur brýnt að horft verði til afkomutengdra veiðigjalda í rauntíma og sérstaks þrepaskipts afsláttar sem skili sér fyrst og fremst til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í vinnu við heildarendurskoðun veiðigjalda sem bíður þingsins í haust.“

Ekki hægt að hafa skilaboðin skýrari.

Ég trúí því ekki að atvinnuveganefnd Alþingis sé orðin annarrar skoðunar en hún var í byrjun sumars. Ekkert hefur breyst. Jafn mikil þörf á leiðréttingunni nú og þá var.

LS mun í umsögn sinni um frumvarpið gera tillögu um að sett verði bráðabirgðaákvæði við frumvarpið sem tryggir litlum og meðalstórum útgerðum leiðréttingu á greiddum veiðigjöldum á síðastliðnu fiskveiðiári. Til að ná til hafnar með kröfuna kallar LS eftir stuðningi frá útgerðum sem hafa sagt sig hafa frá félaginu. Takið á með Landssambandinu.

Kjarasamningur LS og sjómannasamtakanna hefur ekki verið endurnýjaður. Á fimmta ár er liðið frá því hann rann úr gildi, en heldur þó gildi sínu þar til gengið hefur verið frá nýjum samningi. Nokkrar

tilraunir hafa verið gerðar í þá átt en ekki enn tekist að ljúka verkefninu.

Kjarasamningur LS og Starfsgreinasambandsins um ákvæðisvinnu við línu og net rennur út um næstu áramót. Viðræður um nýjan samning hefjast á næstu vikum. Starfsgreinasambandið hefur tilkynnt að breytingar á sverleika línu og aukið bil milli króka kalli á sérstaka hækkun. Ljóst er að ekki er mikið borð fyrir báru til hækkana. Því til staðreyndar skal bent á að þegar LS undirritaði kjarasamninginn árið 2015 sem tryggði 300 þúsund króna lágmarkslaun var meðalverð á þorski 304 kr/kg en nú fyrstu 9 mánuði þessar árs skilaði þorskurinn 244 krónum.

Í nokkurn tíma hefur LS unnið jarðveg undir breytingar á lögum um áhafnir skipa. Við breytingu á stærðarmörkum krókaafلامarksbáta í júní 2013 vannst ekki tími til að ræða málið heildstætt þar með talin mönnun sem breyttist við stækkunina. Það var og er skilningur LS að ákvæði um stýrimann eigi ekki við dagróðrabáta. LS hefur fundað um málefnið við samgönguráðuneytið og það hefur verið kynnt í siglingaráði. Ég er bjartsýnn á að stutt sé í að fram komi frumvarp sem vonandi verði að lögum fyrir jól. Auk ákvæðis um stýrimann var gerð krafa um að skilgreindur yrði dagróðrabátur með sama hætti og gert er í lögum um stjórn fiskveiða – 24 klst, auk þess að opnuð verði leið fyrir skipstjóra með smáskipapróf að afla sér réttinda að 15 metrum. Það er eðlileg krafa þar sem smáskiparéttindin voru aðlöguð

að stærðarmörkum krókaflamarksbáta þegar hámarkslengd þeirra voru 12 metrar.

Landssambandið hefur ávallt fylgst vel með sjónarmiðum sjómanna um lífríki sjávar. Miðlað þeim síðan með sínum hætti til Hafró. Til dæmis hafa sjómenn bent á það í mörg ár að veiðiaðferðir sem stundaðar eru á humri séu að ganga frá stofninum. Jafnskjótt og hann vaxi er trolað yfir búsvæðin hvert á fætur öðru. Bent hefur verið á hvernig veiðafærið hefur breyst, þyngdin sé slík að nota þarf stærstu skip til að draga trollið eftir botninum. Heimiluð hefur verið stækkun humarskipa og takmarkanir á veiðitíma hafa verið rýmkaðar. Þó nýliðun sé nú að nálgast núllið skal áfram haldið, engar tillögur um t.d. lokun svæða, styttri veiðitíma eða léttari veiðarfæri.

LS leggur til að humarinn verði veiddur í gildrur af smábátum meðan verið er að koma honum aftur á legg.

Einnig skal bent á það sem vel hefur verið gert. Lúðan er að braggast. Bann við veiðum hefur líklega eitthvað haft um það að segja. Nú varla tekið símtal á skrifstofu LS öðruvísi en að minnst sé á hversu lúða er orðin vinsæl sem meðafli við línu og handfæraveiðar. Menn sem nánast aldrei hafa fengið hana sem meðafla eru nú að sjá hana í hverri sjóferð. Miðað við frásagnir sjómanna er full ástæða til að heimila löndun á lúðu sem fæst sem meðafli við línu- og handfæraveiðar.

Gagnrýniverðar eru tvær síðustu kvótasetningar sjávarútvegsráðherra.

**Blálanga sem** sett var í kvóta í ágúst 2013 og nú hlýri sem fór í kvóta í ágúst sl. LS benti á það hafi verið mistök að kvótasetja blálöngu.

Ofveiði átti að svara með því að setja hömlur á beina sókn og lengja lokanir við hrygningarsvæði suður af Vestmannaeyjum og á Franshól.

Hver hefur svo árangur af kvótasetningunni orðið? Afli hefur

snarminnkað og ráðgjöf að sama skapi. Þá hefur veiðarfæra-

samsetning gjör breyst. Í stað þess að 70% blálönguaflans var veitt á

línu árið 2011 var hlutfallið aðeins 27% á árinu 2017, botnvarpan hafði tekið yfir komin í 70% og sífellt hærra hlutfall sem veiðist sem meðafli.

Er von nema spurt sé, hvað er að gerast varðandi blálöngu? Tölurnar

benda til að stofninn sé hruninn. **Aflinn á síðasta fiskveiðiarí aðeins**

17% af því sem hann var fyrir 5 árum og um 8% sem hann var fyrir 7 árum.

Blálanga

Fiskveiðiar	Heimildir	Afli	Óveitt	Ráðgjöf
2012/2013		2.999 tonn	101 tonn	3.100 tonn
2013/2014	2.400 tonn	1.655 tonn	745 tonn	2.400 tonn
2014/2015	3.308 tonn	1.900 tonn	1.408 tonn	3.100 tonn
2015/2016	2.984 tonn	1.095 tonn	1.865 tonn	2.600 tonn
2016/2017	2.380 tonn	634 tonn	1.746 tonn	2.040 tonn
2017/2018	2.507 tonn	549 tonn	1.960 tonn	1.956 tonn
2018/2019	1.703 tonn			1.520 tonn

Blálöngu er nú landað af 133 bátum í stað 235 bátum áður en hún var sett í kvóta. Með ört minnkandi afla og minni sókn hefur hafist stjórnlaus tegundatilfærsla og er nú svo komið að þar eru tonninn fleiri en það sem veitt er af henni.

Ef á að friða blálöngu er þá ekki rétt að Hafró lækki ráðgjöfina, heldur en að horfa uppá hana notaða í tegundatilfærslu sem leiðir til umframafla í öðrum tegundum. Varla getur það verið tilgangurinn? Litlu er þetta skárra með gullax og litla karfa sem kvótasettir voru á sama tíma. Tegundatilfærsla í litla karfa var 177% umfram það sem veitt var af honum og í gullaxi voru aðeins 46% heimildanna nýttar með veiðum og tegundatilfærsla nam 53% af því sem veiddist.

Í hvaða tegundir var svo breytt. T.d. gullkarfa sem varð til þess veiði þar fór 13% umfram ráðgjöf. Taflan hér sýnir ráðlagðan afla karfann á Íslandsmiðum sl. 4 fiskveiðiár.

Fiskveiðiár	Ráðgjöf	Afli	Umframafli
2014/2015	45.600 tonn	48.349 tonn	2.749 tonn
2015/2016	48.500 tonn	54.818 tonn	6.318 tonn
2016/2017	47.205 tonn	48.532 tonn	1.327 tonn
2017/2018	45.450 tonn	51.429 tonn	5.979 tonn

Líklegt er að það sama muni eiga við um hlýra. Alls 350 skip sem fengu úthlutun, 24 þeirra með 58% úthlutunarinnar. Skipum með

landaðan afla mun fækka stórlega, veiðiheimildir verða notaðar til að skipta í aðrar tegundir og aflinn mun að öllum líkindum dragast saman.

Þessi dæmi sem ég hef hér nefnt kalla á skoðun hjá ráðherra. Hvort hér sé um þá nýtingu og stjórnun sem lagt var upp með?

Markaðsmál í sjávarútvegi hafa þeim er hér stendur lengi verið hugleikin. Barátta söluaðila um neytendur er mjög hörð. Íslendingar segja stoltir að þeir eigi besta fisk í heimi. Þrátt fyrir það verður að hafa mikið fyrir því að selja hann á hæsta verði. Samkeppnin á mörkuðum er gríðarleg.

Fyrir tveimur áratugum kom á markaðinn **umhverfismerkið MSC**. Á undraverðum tíma hefur forsvarsmönnum þess tekist að selja það nánast út um allan heim. Menn þykja ekki menn með mönnum nema að taka tillit til náttúrunnar sem búið er að telja þeim trú um að þeir geri með því að kaupa fisk þar sem umbúðirnar eru merktar með MSC.



**Hagsmunaaðilar** í íslenskum sjávarútvegi ákváðu að sýna viðspyrnu með því að setja á fót sitt eigið merki Icelandic Responsible Fisheries.





Að því merki standa SFS og LS. Árgjöld útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi standa undir kostnaði sem felst í þátttöku á sýningum, markaðsstarfi í samstarfi við Íslandsstofu, vottun og viðhaldsvottunum fiskistofna. Það er miður að það sem merkið stendur fyrir hafi ekki náð því flugi sem til var ætlast. Helsta ástæða þess er að tekjur til verkefnisins eru ekki nægar. Það er mín skoðun að efla þurfi verkefnið og tryggja enn meiri tekjur til markaðsstarfs. Þar horfi ég til þess að hluti veiðigjaldsins skili sér til þess. Markmiðið væri að styrkja núverandi markaði, ná til fleiri markaðssvæða og auka verðmæti sjávarafurða. Á sama hátt og MSC innheimti frá íslenskum fyrirtækjum 0,5% af FOB verði hefði fjórðungur þeirrar prósentu af aflaverðmæti skilað 250 milljónum á síðasta ári. Jafnhá upphæð kæmi svo frá veiðigjöldum. Með þessu móti sæjum við hálfan milljarð til beinna markaðsmála á íslenskum fiski. Merktum með okkar merki.

Fiskverð – loksins, loksins sagði viðmælandi minn hér á dögnum.

Þorskurinn nokkra daga í röð yfir 300 kr/kg. Já það birtir svo sannarlega yfir þegar menn sjá þorskerð hækka.

Að sama skapi hverfa ský sem verið hafa yfir útflutningnum. Þegar skoðað er verð á ferskum roðflettum þorskflökum í bitum sem Frakkar kaupa af okkur er verð nú í ágúst 3,4% hærra í EUR, en það var á sama tíma í fyrra og verð á ferskum roðflettum heilum þorskflökum til Bandaríkjanna 7% hærra en það var í ágúst 2017. Þessi dæmi eru tekin vegna þess að franskur markaðurinn er stærstur fyrir ferskan þorsk og sá bandaríski í öðru sæti. Hlutdeild þeirra afurða þorsksins sem hér eru tekin dæmi um eru 52% af heildarverðmæti og magni fersks þorsks sem við seljum úr landi. Alls er franskur markaðurinn með 47% hlutdeild í kaupum á ferskum þorski og þessir tveir markaði samanlagt 69%. Tölurnar eru eins og áður sagði byggðar á fyrstu 8 mánuðum þessa árs.

**Myndavélafrumvarpið hefur** leitt af sér háværar umræður um eftirlit við fiskveiðar. Á vormánuðum var LS kallað til fundar hjá Ríkisendurskoðun, en stofnuninni var falið að skoða verkferla Fiskistofu og mun væntanlega skila skýrslu innan skamms. Yfirstandandi verkefni kom þó ekki í veg fyrir að LS skilaði umsögn um frumvarpið. Við gerð umsagnar var haft samband við fjölda smábátæigenda. Allir sem einn mótmæltu þeir að fá myndavélar um borð. Greinilegt að nú ætti að fylgja eftir upplifun þeirra, að því minna sem umfangið er þeim mun harðara eftirlit, að taka sér aldrei meira fyrir hendur en þeir ráða við! LS leggur til að rétt sé að byrja á

stærstu skipum og sjá hver reynslan verður. Væri ekki kominn tími til að miða aukið eftirlit við ætlaða stærð og umfang brota. Hér er enn eitt dæmið um kröfu stórútgerðarinnar að ef lög verða sett um myndavélar um borð, þá skuli ákvæðið ná til allra skipa og báta. Ég vona svo innilega að ráðherra skeri á þann naflastreng sem hinir stærri ríghalda í til að komast hjá breytingum.

Landssamband smábátæigenda á fullt í fangi með að sinna öllu því sem ætlast er til af því. Vegna minnkandi tekna þurfti að skerða þjónustu sem þó hefur tekist að halda í horfinu, að undanskildu kerfisbundinni vinnu við að fjölga félagsmönnum. Þó þarf ekki að kvarta þar sem nýir félagar eru stöðugt að setja sig í samband og ganga í LS. Auk öflugrar hagsmunagæslu um veiðirétt félagsmanna hefur tekist að ná ýmsu fram sem skilar sér beint í veskið.

Olíuútboðið sem kom til framkvæmda 2015 hefur skilað þeim sem þar eru þátttakendur – kaupa olíu af Skeljungu – um 30 milljónum í sparnað. Auk þess keyrði útboðið niður verð hjá þeim tveim olíufélögum sem vildu ekki taka þátt. Heildarsparnaður telur því í tugum milljóna.

Nú eru að hefjast viðræður um endurnýjun eða nýjan samning.

Vonandi að hægt verði að tilkynna um niðurstöður fljótlega þannig að félagsmönnum bjóðist áfram bestu kjör.

## **Strandveiðar** - Á aðalfundum svæðisfélaganna komu fram

margar ástæður fyrir því að færri stunduðu veiðarnar en í fyrra.

Fiskverð, hagstætt leiguverð, grásleppa á sama tíma og undirliggjandi ótti við að veiðar yrðu stöðvaðar áður en tímabilið væri á enda.

Að loknu tímabilinu ríkti jákvæðni með þær breytingar sem gerðar voru á strandveiðikerfinu.

Nú eru strandveiðar orðnar alvöru atvinnugrein og ber stjórnvöldum því að umgangast þær sem slíkar.

Hinar dreifðu byggðir reiða sig á þær, fiskmarkaðir og vinnslu- og söluaðilar. Svo ekki sé talað um alla þá þjónustuaðila sem byggja á veiðunum.

Þannig að strandveiðar komist yfir haftapröskuldinn verður að tryggja að afkoma af veiðunum geti skilað ásættanlegum launum og staðið undir kostnaði sem til fellur við þær ásamt viðhaldi báts.

Þegar skoðanir strandveiðimanna eru teknar saman er megin krafan sú að tryggt verði að veiðidagar í hverjum mánuði verði aldrei færri en 12.

Heimilt verði að nýta þá á tímabilinu 1. apríl – 30. september, jafnskipt á 4 samfellda mánuði.

Væntanlega mun þetta þýða meiri afla, en það verður að gera tilraunina þannig að menn fái vitneskju um hvort beina brautin sé þessi.

**Glætur strandveiðar**

**Línuívilnun –**

Staðan gjörbreytt. Á fyrsta heila ári línuívilnunar 2004 2005 voru 300 bátar sem fengu ívilnun og gerðir út frá 50 útgerðarstöðum. Á síðasta fiskveiðíári voru bátarnir aðeins 112 og útgerðarstaðirnir sem beitt var á 38 talsins.

Nauðsynlegt að tryggja áfram umhverfisvænar veiðar með því að hrinda tillögu LS í framkvæmd um að allir dagróðrabátar fái línuívilnun upp að vissu magni í hverjum róðri.

**Grásleppa –** efni á glærum

**Makríll -** í raun geta stjórnvöld ekki lengur þráast við að breyta veiðifyrirkomulagi makrílveiða hjá

smábátum. Skilyrðislaust á að gefa veiðarnar frjálssar hjá þeim, fjarlægja öll höft á veiðum þeirra. Sífellet meira af makrílnum veiðist utan lögsögu og eigum við því að efla færaveiðar við strendur landsins eins mikið og hægt er. Verði hins vegar veiðikerfi á makríl óbreytt á næsta ári er nauðsynlegt að framlengja ákvæði um viðbótarheimildapott til smábáta á færaveiðum.

## Veiðiheimildir á færri hendur

Í júní árið 2013 ákváðu stjórnvöld að breyta stærðarviðmiðun krókaafmarksbáta. Stærðarmörkin voru færð úr 15 brt í 30 brt þannig að lengd báts næði að 15 metrum. Ákvörðunin var gerð í óþökk Landssambandsins en að kröfu örfárra aðila, sem farið hafa í skrefum um stjórnkerfi fiskveiða án þess að byggja ákvörðun sína á hagsmunum heildarinnar.

Sambjöppun veiðiheimilda heldur áfram og nú svo komið að 50 efstu bátarnir eru komnir með 87% í samanlagða hlutdeild í þorskígildum.

## Afli smábáta jókst um tæp þúsund tonn milli ára

**85.586 tonn**

Alls veiddu smábátæigendur um 58 þúsund tonn af þorski sem jafngildir 23% af því sem veitt var í íslenskri lögsögu.

Hlutdeild smábáta í heildarafla ýsu var enn meiri eða 23,4% - 9.616 tonn.

Trillukarlar veiddu 4.647 tonn af steinbít sem jafngildir 52,6% hlutdeild.

Til að enda þessa talnarunu er rétt að geta þess að heildaraflaverðmæti smábáta fiskveiðiárið 2016/2017 varð 19,2 milljarður, hækkar um 1,2 milljarða milli ára. Þá tölu er hægt að tvöfalda þegar litið er til útflutningsverðmæta sem skilar því um 38,4 milljörðum.

## Lífeyrissjóður

Því ber að fagna þegar heyrst frá sjóðnum. Nú síðast við kaup HB Granda á Ögurvík sem er í eigu Útgerðarfélag Reykjavíkur. Gildi sem er stór hluthafi í HB Granda vildi eyða allri tortryggni um kaupverð, enda Guðmundur Kristjánsson eigandi þess fyrirtækis sem seldi og er stærstur þeirra sem kaupir. Þetta ber vott um staðfestu sjóðsins og áframhaldandi inngrip í stjórnun þeirra fyrirtækja sem hann á í sem ég fagna.

Á ársfundi sjóðsins í apríl sl. bar ég upp tvær tillögur. Önnur fjallaði um launakjör forstjóra Haga, N1 og Eimskipa sem Gildi- lífeyrissjóður á stóra eignarhluti og hins vegar um að stjórn sjóðsins yrði falið að óska viðræðum við lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, verslunarmanna og Birtu um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar.

Tillögurnar voru annars vegar komnar fram vegna ofurlauna sem forstjórnir þrír voru með og hins vegar skref í átt til samvinnu fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins við erlendar fjárfestingar.

Skemmst er frá því að segja að hvorki fulltrúar atvinnurekenda né launþega höfðu neinn áhuga á að ljá þessu máli lið. Við þær lyktir hugsaði ég með mér um galið á torgum og allt gasprið í fjölmiðlum. **Launakjör sem** standast engan samburð við sambærileg störf erlendis.

Launatillagan fól í sér að stjórnir félaganna yrði falið að endurskoða ráðningarsamninga forstjórana með það fyrir augum að laun og bónusar yrðu að hámarki 4 milljónir.

Um **samstarf við erlendar** fjárfestingar var litið til þess hversu vandasamar þær væru og umsýsluþóknanir háar, en þær námu hjá sjóðunum fjórum um 3,5 – 3,7 milljörðum á árinu 2017. Til samanburðar var umsýslukostnaður erlendra fjárfestinga hjá Gildis-lífeyrissjóðs 943 milljónir eða helmingi hærri en laun og launatengd gjöld allra starfsmanna sjóðsins.

Þrátt fyrir þetta mótlæti mun ég ekki láta staðarnumið á þessu sviði, þetta er langhlaup og engin ástæða til að gefast upp.



## Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS þrjá fundi.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og samvinnu, jafnframt sem ég þakka þeim sem nú ganga úr stjórn sérstaklega Jóni B. Höskuldssyni, Rögnvaldi Einarssyni, Steinari Skarphéðinssyni, Oddi Jóhannssyni, Vigfúsi Ásbjörnssyni, Jóel Andersen og síðast en ekki síst Þorláki Halldórssyni núverandi varaformanni. Ykkur er öllum þakkað fyrir vel unnin störf í þágu smábátæigenda

### **Félagsstarfsemi**

Öll svæðisfélögin 16 héldu aðalfundi nú í haust. Við Axel mættum á alla fundina utan Hrollaugs þar sem stjórn félagsins óskaði ekki eftir komu okkar á fundinn. Mæting var þokkaleg hefði þó víðast mátt vera betri. Öll félögin samþykktu tillögur til aðalfundarins sem nú bíða umfjöllunar. Nokkrar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

### **Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið**

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 120 báta, Félag smábátæigenda á Austurlandi með 104 og Elding þriðja stærsta félagið með 90 báta á bakvið sig.

## Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

[www.smabatar.is](http://www.smabatar.is) er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hefur teljarinn á heimasíðunni hækkað um 171.947, það er 471 að meðaltali hvern dag ársins, sem er fækkun um 132 að meðaltali á dag frá síðasta ári. Á móti kemur Vaðallinn (facebook) sem nýtur sífellt meiri vinsælda.

Á tímabilinu hafa verið birtar 181 fréttir á heimasíðunni sem eru 33 færri en á síðasta 12 mánaða tímabili, sem er aðeins lægra en markmiðið sem er að hafa eina frétt á hverjum virkum degi.

**Brimfaxi** félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadag. Kann ég ritstjóranum Arthuri Bogasyni fv. formanni LS bestu þakkir fyrir.

Grásleppunefnd þakka ég góð störf í vandasömu verki á grásleppu-vertíðinni.

## Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Axel formanni, þakka ég fyrir einstaklega vel unnin störf og gott samstarf á árinu og ekki síst alla

polinmæðina við allt umrótíð. Axel hefur verið í fullu starfi á skrifstofunni, samviseusemin uppmáluð og rækt starf sitt af stakri þryði. Hann heldur sér í æfingu á ykkar vettvangi á grásleppu- og makrílvertíðunum og er þá ekki á launaskrá.

## Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna. Tillögurnar eru alls 127, 43 færri en í fyrra. Meðtalin er tillaga stjórnar LS til breytinga á samþykktum félagsins.

Aðalfundurinn verður nú pappírslaus sem var tekið upp árið 2012, allar tillögur fundarins afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innan handar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda. Megum við eiga kröftugan og góðan fund.

Ávarpi mínu lýk ég með sama hætti og síðast, vitna til aðila úr stjórnsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

*„Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum,*

*félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi,  
til mikilla heilla.“*

**Takk fyrir**